



Helstu niðurstöður aðalfundar Origo hf. sem haldinn var föstudaginn 2. mars 2018 kl. 16:00.

1. Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins fyrir árið 2017.

2. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar.

Aðalfundur samþykkti að ekki verði greiddur út arður til hluthafa árið 2018. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin-fjárreikningum.

3. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna, varamanns og fyrir setu í undirnefndum.

Aðalfundur samþykkti að mánaðarleg stjórnarlaun verði kr. 575.000 fyrir formann og kr. 260.000 fyrir meðstjórnendur og varamann. Þóknun fyrir setu í undirnefndum verði kr. 60.000 fyrir hvern fund.

4. Framlögð starfskjarastefna félagsins var samþykkt.

5. Kosið í stjórn félagsins.

Eftirtalin voru sjálfkjörin í aðalstjórn:

Emilía Þórðardóttir
Guðmundur Jóhann Jónsson
Hildur Dungal
Ívar Kristjánsson
Loftur Bjarni Gíslason
Hjalti Þórarinnsson var sjálfkjörinn sem varamaður

6. Kosning endurskoðenda.

KPMG var kosið sem endurskoðunarfélag til næsta árs.

7. Heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

Aðalfundur Nýherja hf. þann 2. mars 2018 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftari á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 45.873.998 að nafnverði. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutabréfin fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995. Eldri heimild fellur niður.



8. Tillaga stjórnar um skipan tilnefningarnefndar.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

Aðalfundur Origo hf. þann 2. mars 2018 ákveður að stjórn félagsins skuli skipa tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd skal vera skipuð þremur mönnum hið minnsta og skal meirihluti nefndarinnar vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Stjórnarmönnum félagsins er heimilt að sitja í tilnefningarnefnd en þeir skulu ekki mynda meirihluta hennar. Þá skulu þeir ekki gegna formennsku í nefndinni. Þetta á jafnt við um formann stjórnar og aðra stjórnarmenn. Hvorki stjórnendur félagsins né starfsmenn þess skulu eiga sæti í tilnefningarnefnd. Þóknun nefndarmanns skal vera 60.000 kr. fyrir hvern fund.

Tilnefningarnefnd er heimilt að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Það er nefndarinnar að ganga úr skugga um óhæði ráðgjafa þessara. Við mat á óhæði ráðgjafa skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið. Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins ekki síðar en sex mánuðum fyrir aðalfund.

Tilnefningarnefnd skal tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu fyrir aðalfund þess. Hlutverk tilnefningarnefndar skal meðal annars felast í því að:

- (i) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.*
- (ii) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.*
- (iii) Gæta að kynjahlutföllum í stjórn félagsins.*
- (iv) Undirbúa og leggja fram tillögur, byggðar á ofangreindu mati, um kosningu stjórnarmanna á aðalfundi félagsins.*

Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins. Hlutverk og helstu verkefni nefndarinnar skulu tilgreind í starfsreglum hennar og skulu þau taka mið af þörfum félagsins. Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu birtar á vefsíðu félagsins. Tilnefningarnefnd skal óska eftir tillögum frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund félags. Á vefsíðu félagsins skal upplýsa um hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri. Tillögur tilnefningarnefndar (og önnur framboð til stjórnarsetu) skulu kynntar í fundarboði aðalfundar og vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins eins fljótt og kostur er, en a.m.k. tveimur virkum dögum fyrir fundinn. Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd gera grein fyrir því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar. Rökstuðning nefndarinnar skal einnig birta á vefsíðu félagsins.